



**FSu**

## **Kennsluáætlun STÆR2RU05 Vor 2018**

### **Markmið:**

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþargórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

### **Kennslubækur og önnur kennslugögn:**

- STÆ 103 eftir Jón Þorvarðarsson. Reykjavík 2012
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustrika og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér stærðfræðivefinn **rasmus.is** (frekari upplýsingar hjá kennara ).

### **Námsmat:**

Námsmat byggir á:

1. Árangri á lotuprófum/skyndiprófum/tímaverkefnum (40%).
2. Árangri á skriflegu lokaprófi (60%).

Vetrareinkunn reiknast inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemenda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

### **Til athugunar:**

**Sérstök áhersla er lögð á að nemendur sýni vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð við frágang. Þess er krafist að nemendur setji fram útreikninga og niðurstöður á skýran og greinargóðan máta. Slæmur frágangur hefur í för með sér lægri einkunn.**

**Fjarvera úr kennlustund lengur en 10 mínútur jafngildir F í viðveruskrá. Stærðfræðitímar eru fyrst og fremst vinnutímar, notkun farsíma og fartölva er þar af leiðandi ekki leyfð og ítrekuð brot á ofangreindu jafngilda F í viðveruskrá.**

## Áætlun um yfirferð í áfanganum:

Vika	Efnisatriði	Blaðsíðutal
1-2	7. Kafli. Um horn	113-118
3-4	8. Kafli. Þríhyrningar	119-172
4-6	9. Kafli. Hringir	173-196
6-9	10. Kafli. Flatarmál	197-216
9-12	12. Kafli. Hornaföll	241-256
14-16	11. Kafli. Rúmmál, Yfirborð	217-240
17-19	Upprifjun	

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

## Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf.

**Nemanda er skylt að taka öll kaflaprófin nema lögmæt forföll komi til. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf fær hann einkunnina 0 fyrir þann námsþátt, nema lögmæt forföll komi til.**

Nemandi sem uppfyllir 65% námsmarkmiða verkefna annarinnar, getur ef hann vill sleppt lokaprófi.

## Námsmat:

Lotupróf, 4 stk.	25%
Heima/tímaverkefni	10%
Virkni í tímum	5%
Lokapróf	60%

## Athugasemdir og skýringar:

Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara, en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega.

Nemandi skal alltaf mæta í kennslustundir með þau gögn og verkfæri sem til er ætlast.

Ef út af þessu bregður getur kennari skráð **F** á viðkomandi nemanda.

F.Su. 4. janúar 2018

Með ósk um góðan árangur á önninni.

**Kennarar: Kjartan Ólason, Kristjana Sigríður Skúladóttir, Magnús Másson**